

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
01 APR. 2009	
45.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. mars 2009  
Tilvísun: UST20090200142/hj

### Breytingar á eldi í sjókvíum HB Granda í Berufirði.


Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.


Fyrirtækið HB Grandi hefur starfsleyfi fyrir 1000 tonna ársframleiðslu á eldisþorski og 7000 tonna ársframleiðslu á eldislaxi í kvíum í Berufirði. Fyrirtækið óskar nú eftir því að fá leyfi til breytinga á framleiðslunni, þ.e. að fyrirtækið fái heimild til framleiðslu á 4000 tonnum af þorski á ári og 4000 tonnum af eldislaxi á ári. Því er um að ræða breytingu á hlutföllum eldistegunda en framleiðslumagn verður hið sama og áður. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að engar breytingar verði á losun lífrænna næringarefna út í umhverfið þar sem áfram verði notast við þurrfóður eins og gert hefur verið hingað til.

Umhverfisstofnun telur að framangreind breyting á fiskeldi í Berufirði muni ekki hafa í för með sér aukið mengunarálag þar sem um sama heildarmagn er að ræða. Að mati stofnunarinnar eru því ekki líkur á að þessi breyting á hlutföllum eldistegunda muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun vill benda á nauðsyn þess að vel verði fylgst með styrkleika kvía og þess gætt að í þeim sé ekki veikleiki vegna hættu á stroki í þorskeldi. Stofnunin vekur ennfremur athygli á að þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir þarf fyrirtækið að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, samanber 18. gr. rg. nr. 785/1999.

Virðingarfyllst

  
Helgi Jónsson  
ráðgjafi

  
Olafur A. Jónsson  
deildarstjóri